Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Fundargerðabók Félags ljósmyndavöruverslana
# 21. mars 1968 til 9. júní 1980

Kaupmannasamtök Íslands – Fundargerðir – Félag ljósmyndavöruverslana – Stofnfundur


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

borgarskjalasafn.is


Einkaskjalasafn nr. 316
Flokkur A - Fundargerðir
Askja A-19

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðabók.

Félag

Ljósmyndavöruverzlana.

1968 - 1980

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

lana.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1968, fimmtudag 21. marz, var haldinn stofnfundur Félags ljósmyndaverzlana. Mættir voru fulltrúar frá eftirtöldum fyrirtækjum:

Verzl. Gevafoto, Austurstræti 6, R.
Verzl. Fókus, Lækjargötu 6 b, R.
Verzl. Týli, Austurstræti 20, R.
Verzl. Guma, Laugavegi 55, R.
Sportval, Laugavegi 116, R.
Filmur & Vélar, Skólavörðustíg 41, R.
Fótóhúsið, Garðarsstræti 2, R.
Austurbakki h/f Stigahlíð 45-47, R.
J. P. Guðjónsson h/f, Skúlagötu 26, R.

Framkvæmdastjóri K. Í. Sigurður Magnússon setti fundinn og stjórði honum. Gat hann í upphafi fundar um aðdraganda málsins og undirbúning.

Tilnefndi hann Jón F. Bjarnason fundarritara.

Fyrir var tekið:

I. Lög félagsins.

Tillaga að lögum fyrir Félag ljósmyndavöruverzlana hafði verið send út með fundarboði, og lá hún frammi til samþykktar á fundinum. Voru lögin samþykkt samhljóða eins og hér á eftir greinir:

Tillaga að lögum fyrir Félag ljósmyndavöruverzlana.

I. grein.

Félagið heitir Félag ljósmyndavöruverzlana.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2. grein.

Félagssvæði þess er landið allt, heimilisfang og varnarþing er í Reykjavík.

3. grein.

Tilgangur félagsins er að efla samvinnu meðal ljósmyndavöruverzlana, vinna að menningu, sóma, hag og sjálfstæði stéttarinnar og stuðla að því að verzlun sé rekin á heilbrigðum grundvelli. Félagið skal vera í Kaupmannasamtökum Íslands og telst það og félagsmenn þess vera í Kaupmannasamtökunum. Félagsmenn eru háðir lögum félagsins og K. Í. svo og öllum lögmætum breytingum á þeim, fyrirmælum, reglum og fundarsamþykktum á vegum félagsins og K. Í. og skuldbinda sig til að hlíta þeim.

4. grein.

Félagsmaður getur sá orðið, sem rekur ljósmyndavöruverzlun. Skal hann senda félagsstjórn skriflega umsókn. Ef meiri hluti stjórnar samþykkir inntökubeiðnina, telst hann félagsmaður. Hver félagsmaður er skuldbundinn af lögum, samþykktum og samningum félagsins. Ef félagsmaður brýtur gegn hagsmunum félagsins getur meiri hluti stjórnar vikið honum úr félaginu, en leggja skal ákvörðun stjórnarinnar fyrir næsta félagsfund og þarf. 2/3 greiddra atkvæða til þess að brottrekstur sé lögmætur.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. grein.

Stjórn félagsins ákveður árgjöld félagsmanna hverju sinni í samráði við stjórn K. Í. Gjalddagi félagsgjalda er 1. februar ár hvert. Gjöldin renna óskipt til K. Í., sem annast allan rekstur félagsins.

6. grein.

Stjórn félagsins er skipuð 3 mönnum og tveimur til vara. Á aðalfundi er formaður kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Meðstjórnendur skulu kosnir til tveggja ára, Eftir lok fyrsta starfsárs gengur annar meðstjórnanda úr stjórn eftir hlutkesti en síðan á víxl árlega. Enginn stjórnarmeðlimur getur þó setið í stjórn samfelt í meira en tvö ár. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Varamenn skulu kosnir til eins árs í senn, afl atkvæða ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

7. grein.

Stjórn félagsins er heimilt að skipa, eða láta félagsfund kjósa menn í nefndir til að vinna að einstökum hagsmunamálum félagsins

8. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir marzlok ár hvert. Skal boða til hans með auglýsingu eða

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bréfi með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef löglega er til hans boðað.

Eftirfarandi mál skulu ávallt a.m.k. vera dagskráratriði aðalfundar:

1. Skýrt frá störfum félagsins síðasta starfsár.
2. Stjórnarkosningar skv. 6. grein.
3. Kosnir 2 endurskoðendur.
4. Kosinn 1 aðalfulltrúi og 1 varafulltrúi í Fulltrúaráð Kaupmannasamtaka Íslands.
5. Önnur mál.

9. grein.

Stjórn skal boða til félagsfunda, er ástæða þykir til. Ef 1/5 hluti félagsmanna óskar skriflega eftir félagsfundi um eitthvert mál, skal stjórnin boða til fundar svo fljótt sem verða má.

10. grein.

Breytingar á lögum félagsins má aðeins gera á aðalfundi með samþykki 2/3 greiddra atkvæða. Lagabreytinga skal geta í fundarboði.

11. grein.

Félaginu verður aðeins slitið á löglegum aðalfundi og skal geta þess í fundarboði, og þarfa félagsslitin samþykki 3/4 hluta fundarmanna. Ef félaginu er slitið skulu eignir þess, að

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frádregnum skuldum renna til Kaupmanna-
samtaka Íslands.

II Kosningar.
Formaður: Gunnar Kjartansson kosinn samhljóða eftir uppástungu.
Meðstjórnendur: Júlíus P. Guðjónsson og Jóhann Sigurjónsson eftir uppástungu.
Varamenn: Trausti Thorberg, Gunnar Magnússon.
Endurskoðendur: Árni Árnason og Jón Á. Jónsson.
Aðalfulltrúi í S. F.: Trausti Thorberg.
Til vara: Gunnar Eyland.

Fleira gerðist ekki. Fundarstjóra og fundarritara falið að undirrita fundargerðina.

Sig. Magnússon
fundarstjóri.

NB: Að loknum fundarstörfum árnaði fundarstjóri allra heilla með félagsstofnunina og bauð félagsmenn velkomna í Kaupmannasamtökin.

Ár 1968. Þriðjudaginn 2. apríl var haldinn fundur í Félagi ljósmyndavöruverzlana á skrifstofu Kaupmannasamtakanna, Marargötu 2. kl. 20.30
Fundinum stýrði formaður félagsins, Gunnar Kjartansson.

Dagskrá:

1. Rætt um tollamál, hin óeðlilega háu aðflutningsgjöld sem eru af innflutningi ljósmyndavarnings og líkurnar sem leiða má fyrir því, að innflutningur á ljósmyndavörum fari fram í formi smygls, sökum hinna háu tolla. - Gaf formaður jafnframt upplýsingar um magn á innfluttum ljósmyndafilmum á undanförnum árum, samkv. hagskýrslum.

2. Rætt um möguleika á útgáfu ljósmyndahandbókar og greindi fundarmönnum frá hliðstæðri útgáfustarfsemi erlendis.

3. Rætt um möguleika á að koma á fót ljósmyndakeppni og skiptust menn á skoðunum með það, hvernig haga mætti undirbúningi, framkvæmdum, verðlaunaveitingum o.fl.

4. Rætt var um vörusýninguna Photokina í Köln og möguleika á að koma við hópferð félagsmanna og annarra áhugamanna um ljósmyndamálefni. - Virðast möguleikar á að ná hagkvæmari kjörum í sambandi við ferðalögin, ef um hópferð yrði að ræða.

5. Ýmis önnur málefni var rætt um og stjórn félagsins falið að vinna að þeim áfram ásamt nánari athugun á þeim málefnum, er að framan er getið um. - Síðan verði þau rædd nánar á félagsfundi þar sem fleiri félagsmenn yrðu mættir.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið.

Sig. Magnússon
Gunnar Kjartansson
Jóhann R. Sigurjónsson

Þorsteinn Thorberg
Gunnar J. Eyland
Oddur H. Þorleifsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1968, fundur í Félagi ljósmyndavöruverzlana, haldinn 29. maí kl. 21, í húsakynnum Kaupmannasamtaka Íslands.

Á fundinum mættu, Jóhann Sigurjónsson, Gunnar Hjartarsson, Júlíus P. Guðjónsson, Hilmar Helgason, Árni Árnason, Oddur Þorleifsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, og Gunnar Magnússon. Fyrir fundinum lágu tvö mál, það er að segja útgáfa á ljósmyndahandbók, svo og ljósmyndakeppni, og önnur mál, ef tími ynnist til. Þetta gerðist á fundinum.

1. Útgáfa á ljósmyndahandbók.

Miklar umræður urðu um útgáfu á ljósmyndahandbók, enda voru allir fundarmenn sammála um nauðsyn, að gefa út ljósmyndahandbók. Eftir langar umræður, kom það í ljós, að menn voru því fylgjandi að hafinn yrði undirbúningur, á útgáfu nýrrar ljósmyndahandbókar, með svipuðu sniði og bækur sem hafa verið gefnar út, bæði í Danmörku og Noregi. Voru þó eilítið skiptar skoðanir um það, hvort að í einni bók ætti að fjalla um ljósmyndun og kvikmyndun, eða hvort ætti að hafa þessa þætti aðskilda. Var ákveðið að vísa málinu til stjórnar, en stjórnin mundi útvega sér handrit og bækur frá ýmsum félögum, sem notað væri við undirbúning bókarinnar. Einnig mundi stjórnin hafa samband við væntanlegt útgáfu félag og eins ljósmyndatæknimenn, sem gætu leiðbeint með þýðingu á væntanlegri handbók.

2. Útgáfa á kynningar bæklingum.

Fundarmenn sýndu mikinn áhuga á því að koma á fót kynningar bæklingum, sem ýmist yrðu seldir eða gefnir í verzlunum. Var ákveðið að hrinda þessu máli í framkvæmd strax og var annar fundur boðaður næstkomandi þriðjudag kl. 20.30, og ætla þá félagar að koma með slíka bæklinga sem þeir hafa yfir að ráða, frá sínum erlendu umboðsfirmum.

3. Ljósmyndasamkeppni.

Stjórnin tilkynnti um áhuga sinn á því að efna til ljósmyndasamkeppni, með góðum verðlaunum og aðalverðlaunum frí ferð á Photokina í Köln. Félagsmenn létu í ljós áhuga sinn á þessu, en töldu að ekki væri unnt að hefja slíka keppni með svo litlum fyrirvara og töldu að þetta mál þyrfti að athuga nánar í haust.

4. Leiguflug á Photokina, í september.

Formaður skýrði fundarmönnum frá því, að hann hefði gert athugun á möguleika á leigu á þotu Flugfélagsins á Photokina í haust.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftir þeim bráðabirgðartölum sem Flugfélagsmenn hefðu gefið formanni, kom það í ljós að hugsanlegt væri að fá þotuna leigða fyrir 4.800,- kr. pr. sæti. Fundarmönnum þótti þetta mjög góð hugmynd og töldu að enginn vandi væri að fylla þotuna, með því að selja félögum innan Kaupmannasamtaka Íslands þessa farmiða. Þó svo að ekki nema um 20-30 manns hefði áhuga að fara á Photokina mætti alltaf búast við að til dæmis kaupmenn, hefðu áhuga á svo ódýrum flugfarseðli, til að fara erlendis með frúr sínar. Var ákveðið að ræða málið við framkvæmdastjóra Kaupmannasamtakanna, Sigurður Magnússon, og leit álits hans á því, hvort að félagsmenn í fl. 7. hefðu áhuga á þessu.

Fleira gerðist ekki, fundi slitið kl. 22.30.

Júlíus P. Guðjónsson Gunnar Kjartansson

Jóhann P. Sigurjónsson

Fundur var haldinn í Félagi ljósmyndavöruverzlana, kl. 3 e.h. þann 15. janúar, 1969 og setti formaður fundinn.

Mættir á fundinn voru: Gunnar Kjartansson, Júlíus P. Guðjónsson, Jóhann Sigurjónsson, Trausti Thorberg, Jón Aðalsteinn Jónasson og Gísli Gestsson. Tekinn var til meðferðar umsókn Gísla Gestsonar um að gerast meðlimur og var umsókn hans samþykkt samhljóða. Aðalmál á dagskrá var beiðni stjórnar Áhugafilmuklúbbsins Smára um aðstoð félagsmanna við að koma út tímariti um ljósmyndamál. Blaðið yrði gefið út í 1500 eintökum prentað í Offset eða venjulegt leturprent, og miðað við tvö tilboð sem hafa verið gerð, þá mundi kostnaður vera milli 40.000.- til 50.000.- krónur. Blaðið yrði vel úr garði gert, prentað á góðan pappír með litaðri kápu og yrði stærðin 36 blaðsíður. Ritarinn gerði eftirfarandi tillögu:

1. Þeir félagsmenn sem mættir voru á fundinn, svo og aðrir sem ekki voru mættir, samþykktu að styrkja útgáfuna um allt að kr. 50.000.- með auglýsingum. Þetta væri hægt með því að hafa 12 auglýsingasíður í blaðinu, sem gæfu af sér ca. 50.000.-. Það er að segja að hver síða væri á 4000.- en baksíðan væri á 6.000.- og yrði hún

þá væntanlega í lit. Þar sem lítill verð-
munur væri á baksíðu og öðrum síðum,
yrði væntanlega dregið um það, fyrir þá
sem vildu fá þá auglýsingu.

2. Blaðið yrði væntanlega selt í ljósmynda-
vöruverzlunum á kr. 60.- eintakið, ef
þúsund blöð seldust mundi það vel
standa undir útgáfu kostnaði og mundu
þá félagar í Félagi ljósmyndavöru-
verzlana ekki þurfa að greiða fyrir
auglýsinguna, þar sem hér er aðeins um
að ræða tilraun og framtíðar útgáfa
yrði síðar ákveðin eftir árangrinum
af þessari útgáfu.

3. Félag ljósmyndavöruverzlana tilnefnir einn
af sínum meðlimum í ritstjórn.

4. Samband verði haft við forráðamenn
Félags áhugaljósmyndara og þeim gefinn
kostur á að taka þátt í eða hafa
samvinnu um þessa útgáfu starfsemi.

Trausti Torberg lýsti ánægju sinni yfir
þessari hugmynd og benti á að þetta væri
einmitt sá vettvangur sem hann hefði
lengi haft áhuga á og bæri að styrkja
eftir mætti. Hann sagði einnig að blað

þetta yrði að vera þannig úr garði gert, að
það væri mjög alhliða. Jón Aðalsteinn Jónasson
lagði einnig á það áherzlu að blaðið yrði að
vera mjög alhliða, mætti ekki fjalla meira um
kvikmyndir en ljósmyndir. Hann benti einnig
á að auglýsingastarfsemi mætti ekki vera
ráðandi í blaðinu og að auglýsingar væru
meira í því formi sem væri nokkurs konar
„Test Report". Hann gerði það að tillögu
sinni að félagsmenn ákvæðu að styrkja
útgáfustarfsemina í því formi að félagsmenn
tækju 1000 blöð til sölu og borguðu
með því útgáfustarfsemina. Var ákveðið
að fresta því til næsta fundar, hvort formið
yrði haft á að taka blöð og selja, það
er að segja kaupa blöðin, eða hvort farið
væri eftir tillögu ritara og styrkt með aug-
lýsingum, sem gert væri upp eftir að blaðið
hafi verið selt í lausasölu. Vegna umræðna
um efni, þá var á það minnst að ritstjórn
gæti aflað sér efni úr öðrum ljósmynda-
blöðum og þyrfti ef til vill ekki að sækja
um heimild til þessa viðkomandi aðila.
Gísli Gestsson benti á að í raun og veru
þyrfti að afla heimildar og væru yfirleitt
slíkar heimildir auðfengnar. Í umræðum um
útgáfustarfsemina kom meðal annars fram
tillögur um ýmsa þætti, það er að segja greinar
eða tegundir af greinum sem birtast í blaðinu,

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kom meðal annars þetta fram. Lesendur gætu skrifað ritstjórn og leitað eftir upplýsingum um tæknileg atriði eða önnur atriði, sem þeir ráða ekki við. Fræðsluþættir, sem tekin væru fyrir einföld atriði, mönnum kennt bæði í sambandi við stækkun, kvikmyndagerð og ljósmyndatöku. Greinar um nýjungar í ljósmyndavörum, þar sem birtar yrðu myndir og sagt það helzta um það nýja sem á markaðinn kemur. Greinar um einstakar myndavélar, það er að segja „Test Report". Um nafn blaðsins var rætt og voru menn á sama máli um það að best væri að nafnið væri t.d. Fótóblaðið. Var ákveðið að stjórnin ritaði stjórn Mjófilmuklúbbsins Smára og tilkynnti bréflega þau skilyrði sín fyrir þeirra þátttöku í útgáfu þessa blaðs. Var Gísli Gestsson útnefndur í væntanlega ritstjórn og var málið tekið af dagskrá.

Jón Aðalsteinn Jónasson kvaddi sér hljóðs og gerði það að tillögu sinni að stjórn félagsins ritaði viðkomandi ráðuneyti bréf og léti í ljós skoðun á hættu á aukningu á ólöglegum innflutningi á ljósmyndafilmum, og þá sérstaklega litfilmum. Vegna hinnar nýafstöðnu gengisfellingar væru filmur, sem eru mjög hátt tollaðar, 70%, í mjög háu verði hérlendis og erfið samkeppnis aðstaða við filmur keyptar erlendis, þar sem sumstaðar eru litlir (eð) sem engir tollar. Jóhann Sigurjónsson benti á það að hann hefði oft orðið þess var í samskiptum sínum við Eimskipafélag Íslands, að taxtar væru mjög misjafnir á vörusendingum til firma hans. Tók hann sem dæmi að frakt á ljósmyndarömmum, bökkum og spólum, væri frá 3% upp í 7% af fobverði. Hefur hann rætt þetta við starfsmenn Eimskipafélagsins og bent á að t.d. væri hærri taxti á ljósmyndavörum úr plasti heldur en t.d. búsáhöldum úr plasti. Bæru starfsmenn Eimskipafélagsins því við að það væri eðlilegt, að frakt á ljósmyndavörum væri hærri þar sem ljósmyndavörur væru miklu dýrari en búsáhöld. Var því máli einnig vísað til stjórnarinnar og mundi hún athuga þetta og hafa samband við Eimskipafélagið og Hafskip og athuga hvernig töxtum á ljósmyndavörum væri yfirleitt varið.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 5 e.h.

Júlíus P. Guðjónsson Gunnar Hartmannsson

Jóhann P. Sigurjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1974 fimmtudaginn 8. ágúst haldinn ~~aðal~~fundur í Fél. Lögmyndavöruverzl. Þar sem engin lögmæt stjórn hefur starfað í félaginu að undanförnu samþykkti fundurinn að hafa þennan fund sem aðalfund félagsins.
Síðan var gengið til kosninga

1. Kosning formanns
Aslaug Cassata % verzl. Fókus

2. Tveir meðstjórnendur
Gunnar Eyland % Filmur og vélar
Ásgeir Einarsson Gevafoto

3. Varamenn
Tranusti Thorberg Fótóhúsið
Hilmar Helgason Týli

4. Fulltrúi í fulltrúaráð
Ásgeir Einarsson

~~Þ~~ Eins og bókað var í fundarbók þessa fundar lá fyrir að ræða verzlunarhætti Myndiðjunnar Ástþór Upphaf þessa máls var að þetta fyrirtæki sem er nýtt á málinu hefur gripið til heldur óvenjulegs viðskiptamáta varðandi framköllun og sölu á filmum

Fyrirtækið hefur starfsrétt sinn gegnum einn ljósmyndara og tekur að sér framköllun á filmum og býður viðskiptavinum upp á að fá ókeypis filmu senda með, sem er litið á sem afslátt af framköllunarverði Fundarmenn töldu að hér væri um brot á ~~Þrettmatan~~ lögum um verzlunarhætti frá 1928.
Nokkrar umræður urðu síðan um þetta mál og var samþykkt að fara þess á leit við stjórn KÍ að hún léti lögfræðing KÍ kanna málið.

Á fundinn voru mættir eftirtaldir aðilar
Tranusti Thorberg Fótóhúsið
Aslaug Cassata
Frank — " —
Johann Sigurjónsson
Gunnar Eyland Filmur + vélar
Julius P. Guðjónsson J.P. Guðjónsson
Ásgeir Einarsson Gevafoto
Gísli Gestsson Vitsjá (Ljósm.verzl.)
Jón Aðalsteinn Jónsson Sportval
√ Adolf Karlsson Hans Petersen
en hann er félagi í Einstaklingum innan KÍ.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundur haldinn 6. nóv. 1974 í húsakynnum Kaupmannasamtakanna. Setti hann forseti frú Áslaug Cassata fund þennan kl. 11°° f.h. Mættir voru 10 fulltrúar frá Ljósmyndavöruverzlunum, þeir: Halldór Einarsson frá Skyndimyndum, Hilmar frá Stefáni Thor., Aðalsteinn í Sportval, Gísli Gestsson, Júlíus P. Guðjónsson, Trausti Thorberg, Áslaug í Fókus, Gunnar Hyland frá Filmur & Vélar, Sigurður frá Amatörverzl. og Ásgeir í Gevafoto h/f.

Umræðuefni var starfsaðferðir Myndiðju Ástþórs og hvernig kæru til sakadómara hefur reitt af. Er málið í þeirra höndum en lítið virðist hafa verið framkvæmt, líklega vegna slælegrar frammistöðu Kaupmannasamtakanna.

Fulltrúi þeirra Guðni tók nú sæti á fundinum. Aðalstein í Sportval beindi erindi sínu til Guðna og krafðist skýringar á sinnuleysi Kaupmannasamtakanna. Varð honum fátt til svara en spurði aftur hvað við hefðum gert í millitíðinni!

Júlíus P. sagði að við hefðum ítrekað eftir að Kaupmanna samtökin tæki mál þetta föstum tökum, en nú hefði komið í ljós að "slen" hefði orðið í afgreiðslu málsins og að gögnin hefðu líklega "týnst" í fórum framkvæmdastjóra

Gerðu forvarsmenn ljósmyndavörukaupmanna stífustu kröfur um að mál þetta verði tekið föstum tökum og afgreitt. Lofaði Guðni fulltrúi K.S. fullum stuðningi og að mál þetta verði tekið fyrir á næsta stjórnarfundi Kaupmannasamtakanna. Vék Guðni nú af fundi, en ýmis fleiri málefni voru rædd í sambandi við litfilmuframköllun og starfsemi Myndiðju Ástþórs. Var skipuð "framköllunarnefnd" og eiga sæti í henni Gísli Gestsson, Halldór Einarsson, Julius P. Guðjónsson og Aðalsteinn í Sportval. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 12.15.

Ásg. Einarsson.

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

MARARGÖTU 2
REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMAR: 19390-15841

Fundur haldin í Félagi Ljósmyndavöru~~kaupmanna~~ verzlana þann 19.3.975, kl. 10: árdegis í húsi KÍ uppi. Formaður setti fundinn. Ritari las fundagerð síðasta fundar og var hún samþykkt samhljóða. Í fjarveru ritara skipaði formaður Júlíus P. Guðjonsson fundarritara. Formaður gerði grein fyrir því að hún og Jóhann V. Sigurjónsson hefðu mætt hjá Sakadómara vegna ákæru félagsins á meintum brotum Myndiðjunar Ástþórs á verzlunar-löggjöfinni. Við vitnaleyðslu kom í ljós að MA og eigandi þess Ástþór Matthiasson hefði eingin þau réttindi sem tilskilin væru til atvinnurekstrar. Þ.e.a.s. hann hefur ekki verzlunar-leyfi, ne réttindi sem ljósmyndari. Einnig bar Ástþór því við að sökum þess að firma hans hefði yfir að ráða fullkomnari tækjaútbúnaði en keppendur hans og þar af leyðandi gæti hann selt þjónustu sína ódýrari, og þannig væri það að hann hefði nýja filmu innifalina í verðinu á framkölluninni. Urðu nú umræður um starfssemi MA og voru menn sammála á að firmað væri búið að fyrirgera rétti sínum og koma sér í óbærilega aðstöðu við fjöldan allan af viðskiptavinum sökum lélegra vinnubragða og enn minni lipur eða sanngirni. Trausti Thorberg skýrði frá því að hann hefði orðið þess var í ríkara mæli að margir viðskiptavinir ættluðust til þess að fá fría filmu með frammköllunarþjónustu. Svo mikil áhrif hafði söluherferð MA. Aðrir félagsmenn tóku í sama streng og staðfestu að þeir hefðu einnig orðið varir við slíka tilhneigingu hjá viðskipta-vinum.

Hið síhækkandi verðlag á filmum var til umræðu og gerðu fundarmenn grein fyrir því að filmur fást í nágranalöndum okkar fyrir yfirleitt um hálfvirði miðað við ísl. búðarverð. Í umræðum sem um þessi mál spunnust kom í ljós að líklega greiða ísl. umboðin of há "export verð" á filmonum, líklega alt að 30% of. hatt verð. Var Hilmar Helgason hvattur til þess að reyna að stuðla að lægra verði hjá umbjóðendum sínum AGfa. Jafnframt var rætt um hið hækkandi verð á flass perum og kubbum og kom fram hugmynd að reyna að ná samstöðu til sameiginlegra magninnkaupa fyrir næsta háust.

Að lokum kom fram tillaga að skora á Hans Petersen h.f. að taka upp samvinnu og koma því fyrirkomulagi á að frammköllunar-viðskiptavinir greiði inná viðskiptin ca. 25-35%.

Fundin sátu eftirtaldir:
Áslaug Cassata  Fókus
Frank Cassata
Halldór Einarsson, Skyndimyndir
Asgeir Einarsson, Gefafótó
Júlíus P. Guðjónsson J P. Guðjónsson h.f.
Jóhann V. Sigurjónsson , Filmur & Vélar
Hilmar Helgason, Stefán Thorarensen h.f.

Fleirar gerðist ekki. Fundir slitið kl. 12 á hádegi.

J. P. Guðjónsson

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

MARARGÖTU 2
REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMAR: 19390-15841

Fundur haldin í Félagi Ljósmyndavöruverzlana haldin að Maragötu 2, fimmtudaginn 18. September 1975 kl. 20:3o. Formaður setti fund og í fjarveru ritara skipaði Júlíus P. Guðjónsson fundarritara. Gerði formaður grein fyrir aðalerindi fundarins sem er ástand viðgerðarþjónustu á ljósmyndavélum á Íslandi. Kom ´i ljós að mjög mikill áhugi er hjá nokkrum innflytjendum ljósmyndavara, sem áttu fulltrúa á fundinum, að koma upp sameiginlegri alhliða ljósmyndavöru og tækja þjónustu. Ásgeir Einarsson gerði grein fyrir því að Gevafóto hefði undanfarin 4-5 ár rekið eigið viðgerðarverkstæði, og sökum skorts á faglærðum mönnum í þessari grein sæi firmað sér ekki fært lengur að reka þessa þjónustu. Taldi hann að eina lausnin á þessu vandamáli væri sameiginlegt átak félagana að koma upp fullkomnu verkstæði. Nauðsynlegt væri að fá faglærðan og reyndan mann erlendis frá til þess að veita þessu verkstæði forstöðu, og hugsanlega mætti ráða 1-2 unga íslendinga sem hefðu áhuga á að læra þetta fag. Ásgeir sagði að fyrir lægi í sínu firma haldgóðar upplýsingar um tíðni og magn bilanaviðgerða undanfarin 3-5 ár. Júlíus P. Guðjónsson tók undir orð Ásgeirs Einarssonar um knýjandi nauðsyn þess að koma upp fullkominni viðgerðarþjónustu á Íslandi. Júlíus benti á að stefna þyrfti að því í samvinnu við opinbera aðila að koma á fótfaggreininni "fóttotekniker" á Íslandi. Varðandi stofnun sameiginlegs firma til þess að annast viðgerðarþjónustuna væri heppilegast að stofna hlutafélag sem allir aðilar væru jafnir að eignarhluta. Nauðsynlegt væri að skapa félaginu fjármagnsgrundvöll þannig að unnt væri í byrjun að kaupa öll nauðsynleg tæki og annan útbúnað til slíkz reksturs. Gunnar Eyland benti á að hugsanlega fengi slíkt firma lán úr Iðnþróunarsjóði, og ef til vill fengist lán fyrir dýrum tækjum hjá Fjárfestingafélaginu. Júlíus P. Guðjónsson benti á að við rekstur á viðgerðarverkstæði væri nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því að verkstæðið yrði að vera alveg óháð afgreiðslu og sambandi við viðskiptavinina, þannig að verzlanirnar mundu annast alla móttöku og afhendingu viðgerðartækja. Sveinn Jónsson, Sportval, sagði frá því að hans firma hefði viðgerðaraðstöðu á kvikmyndasýningavélum og skuggamyndasýningavélum hjá prívat aðila úti í bæ, en tjáði sig um nauðsyn þess að koma þessu firma á laggirnar. Áslaug Cassata sagði frá því að hún hefði falið Hákoni ............... þjónustu á sýnum tækjum, en allir vissu hvernig farið hefði fyrir þeirri viðgerðarþjónustu. Taldi hún nú mjög knýjandi þörf fyrir að félagið hefði um það forystu að hrinda þessu máli í framkvæmd. Ákveðið var að kanna möguleika hjá hinum ýmsu umboðsfirmum félagsmanna hvort þeir geti útvegað heppilegan "fótótekniker" til starfa á Íslandi og hverjar hans launakröfur mundu verða. Jafnfram var ákveðið að þeir innflytjendur sem eiga verkfæri og tæki leggðu fram fullkomin lista yfir slíkt.

Þá var á dagsskrá Myndiðjan Ástþór og gerði formaður grein fyrir því að mál hans væri fyrir Sjó og Verzlunardómi. Í ljós kom að Myndiðjan hefur fært út starfsemi sína og opnað verzlun í Hafnarstræti. Hefur hann óskað eftir viðskiptum við ýmsa félagsmenn. Var það sammdóma álit fundarmanna að vegna hinnar erfiðu fjármagnsstöðu fyrirtækjanna væri einungis hugsanlegt að gera slíka verzlun á staðgreiðslugrundvelli. Frá því var skýrt á fundinum að ný ljósmyndavöruverzlun hefði opnað í Hafnarfirði, Verzl. Prisma. Þá var rætt um opnunartíma verzlana og lýstu fundarmenn sig samþykka því að stuðala að ljósmyndavöruverzlanir hefðu samstöðu með Laugavegskaupmönnum og hefðu verzlanir sínar opnar á Laugardögum frá 9-12. Eftirtaldir aðilar mættu á fundinum.

Júlíus P. Guðjónsson, Ásgeir Einarsson, Frank og Áslaug Cassata, Gunnar Eyland og Sveinn Jónsson. Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 22:oo

Jó. Guðjónsson

Aðalfundur haldinn í Félagi Ljósmyndavöruverzlana kaupm. að Marargötu 2, fimmtudaginn 15 mars 1979 kl 10°°. Sveinn Jónsson, formaður setti fundinn og skipaði Hilmar Helgason fundarritara. Mættir voru auk framangreindra. Jón A. Jónasson, Mats Wibe Lund, Jóhann Sigurjónsson, Sigurður Þorleifsson, Áslaug Cassata og Trausti Thorberg.

Formaður skýrði frá verðlagsmálum og að hann hefði greitt atkvæði í fulltrúaráðsfundi, með ~~því~~ tillögu verðlagsstjóra um að heildsölu- og smásöluálagning skyldi hækka um 8.9 í 9% og 26.2 í 30%, en önnur tillaga var borin fram um að fylgja dómi í verðlagsdómi. Mál þetta var rætt og kom fram gagnrýni frá Jóni A. á starfsemi Kaupmannasamtakanna, sem ekki er lagið að koma fram sem ein heild, ~~heldur~~ í einstökum hagsmunamálum, heldur ráði ákvarðanir stærri hagsmunahópanna. Guðni sem viðstaddur var fundinn hvatti ~~til~~ fundarmenn til að taka höndum saman og vinna ötullega að hagsmunamálum síns hóps. Fyrr væri ekki að vænta árangurs. Jón A. lagði áherslu á, að félagsmenn skyldu sjálfir sameinaðir berjast fyrir lagfæringum á innflutningstollum. Hinsvegar bæri K.Í að gæta allra hagsmuna F.L. í verðlagningarmálum.

Formaður skýrði frá að nú yrði að kjósa nýja stjórn, en hann sjálfur gæfi ekki kost á sér sem formaður að nýju. Stungið var upp á Mats Wibe Lund, sem formanni og var það samþ. einróma með lófataki. Þá voru Áslaug Cassata og Sigurður Þorleifsson kosin í aðalstjórn en Trausti Thorberg og og Gunnar Eyland til vara. Jón A Jónasson var kjörinn aðalfundarfulltrúi, en. Hilmar Helgason í fulltrúaráð

Þá voru félagsgjöld rædd og voru fundarmenn sammála um að núverandi innheimtuaðferð væri þröskuldur fyrir frekari vexti félagsins. Talið er að ef félagsgjöld væru miðuð við

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ellsen eða afsláttargjald mundi félagatala aukast og lægri upphæð þyrfti þar af leiðandi að innheimtast pr. meðlim. Máli þessu var vísað til stjórnar og ~~[illegible]~~ skal hún leggja tillögur um breytingu útreiknings félagsgjalda fyrir aðalfund K.Í.

Rædd var möguleiki á að bjóða öðrum sérgreina-félögum þátttöku í F.L., t.d. sportvörukaupmanna, og var stjórn falið að athuga það mál.

Guðni ítrekaði hvað félagið gæti miklu gert ef samstaða næðist með félagsmönnum og taldi að eftir setu sína á þessum fundi að verkefnin væru mörg og fjölbreytt. T.d. álagning, opnunartími, tollamál, sameiginlegur innflutningur, dreifingarmál o.fl. og samþ. fundurinn einróma og [illegible] á, [illegible] starfsemi [illegible] áhyggjur sínar vegna [illegible] sölu á pappír, fylgihlutum, o.fl. vegna [illegible] vélarinnar. Taldi hann að félagið þyrfti að huga sér fyrir að snúa þessari öfugþróun við.

Frágangi fram [illegible] fundarmenn til að mæta á aðalfund K.Í. og bauð nýja stjórn velkomna til starfa og sleit síðan fundi.
Kl. 11.45

[signature]

---

# Félag Ljósmyndavöruverslana

Mánudaginn 9 júní 1980 er fundur haldinn í Baðstofu Kaupmannasamtakanna að Marargötu 2. kl 9.30

Formaður Mats Wibe Lund setti fund og stjórnaði.
Í upphafi fundar bað formaður fundarmenn að hafa hljóð í eina mínútu í minningu um Gunnar Peyland sem féll frá nú nýlega.

Fyrir var tekið.
Formaður lagði fram skýrslu fyrir starfsárið 1979-80.
Margt kom fram í skýrslu formanns og er hér límd inn skýrslan og tillaga sem formaður lagði fram og talaði fyrir.

Félag ljósmyndavöruverslanna

Skyrsla formanns fyrir starfsárið 1979-80

Á sl. starfsári hafi ekki verið haldnar nematveir stjórnar-fundir, og vægast sagt lítill áhugi ríkjandi fyrir samstarf af hevrskyns tagi - að því er virðist. Stjórnarmenn hafa setið ymsum fundum boðaðar af stjórn og fulltrúaráð Kaup-mannasamtakanna.
Formaður hefur upp á eigin spýtur beitt sig fyrir því að tekið verði upp - eða öllu heldur samþykkt að leyfa: afgreiðslugjald á vöruúttektum undir ákveðnu marki (upph) sem aðhaldsaðgerð til þess að dekkja sannarlegan kostnað við reikningsútskrift og bókfærslu og innheimtuaðgerðir. Hefur mál þetta verið tekið upp í Verðlagsráð á vegum Kaupmannasamtakanna og bíður þar afgreiðslu. Mér hefur verið tjáð að ráðsmenn séu tillöguna frekar hlyntir. Hef ég líka fengið Árni Árnason hjá Verslunar-ráðinu til þess að ýta eftir þessu máli.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tollamál: I viðtali nýverið við Birni Hafsteinssyni fulltrua tollamáladeildar Fjármálaráðuneytisins 3.3.1980, kom fram að ny endurskoðun á tollskráinn er ekki hafin og óákveðið hvenær hun mun hefjast. Því telur BH æskilegast að FL sendi inn rökstudda greinagerð með óskum um lagfæringu og síðan fara á fund þegar að sjálfri endurskoðuninna kemur.

Aðspurður um framkvæmd tollalagana er varðar innflutning ferðamanna og farmanna á ljósmyndavélum og skildrar vörur, visaði BH alfarið á Utanríkisráðuneytið, Varnarmáladeildar og Lögreglustjóraembættið á Keflavikurflugvelli.

Vakti ég athygli BH á því að ef farið væri að lögum, yrði myndavélar kauptar i Fríhöfninni með viðbættum aðflutningsgjöldum og söluskatti (reiknað með gjaldeyrir á ferðamannagengi dyrara(10 - 20 % dyrara) heldur enn i verslun i Reykjavik.

Taldi ég það vitaverð framkoma starfsmanna Fríhafnarinnar að benda ekki af fyrra bragðið viðskiptavinana á þessu atriði - en láta eins og þetta skipti ekki neinu mála nema viðskiptavinurinn óskaði beinvegis eftir upplýsingum um gildandi lög og reglur er að þessu varðar. - Slik framkoma af halfu opinbera aðila er síðst til þess falin að skapa virðingu fyrir lögum. Tel ég rétt að viðeigandi aðilar séu gerðar grein fyrir skoðunum okkar og etv. væri rétt að Kaupmannasamtökin sem slik létu fara frá sér greinagerð til yfirvalda og blaðatilkynningu "af gefnu tilefni" - nu fyrir aðalferðatímanum.

Ljósmyndabokaútgáfu: Vegna umr. sem fram foru á siðasti stjórnarfundi, vil ég taka fram að Ljósmyndarafélag Íslands er nú að láta þyða erlenda ljósmyndafræðlsubækur með fyrirhuguð utgafu i samvinnu við iðnfræðsluyfirvalda. Hér er um að ræða bækur sem eiga að notast við kennslu i iðnskolanum. Okkar hugmynd um ljósmyndabók er af einfaldara tagi og því tæpast hægt að vinna þetta jafnhliða - þo umr. bækur Ljósmyndarafélags Íslands megi tvimælalaust fá til sölu i okkar verslanir. Ljósmyndafærðsluefni i blöðin kom lika til tals á stjórnarfundinum. Óskað er eftir tillögur um tilhögun og hverjir eiga að semja efnið og hver borgar búsan.

Almennt: Við yfirlestrar fundargerðarbók félagsskapar okkar kemur margt forvitnilegt i ljós: Margar góðar hugmyndir hafa verið bornar fram en litið sem ekkert virðist hafa verið gert á félagslegum grundvelli - þo ymsum tillögum hafa verið hrundar i framkvæmd af einstökum félagsmönnum (fyrirtækjum) upp á eigin spytur - er þar helst að nefna ljósmyndabokina Nyji Ljósmyndaskolan sem Agfa-umboðið gaf útá sinum tíma af miklum myndaskap. - Enfremur kemur i ljós að árum saman virðist eins og nú ekkert hafi skéð - allavegana ekkert verið bókað i fundargerðarbokina. Svo virðist sem það séu afskaplega þunn óg slitin bönd sem haldi okkur saman - og því timabært að skoða i eigin barm og spyrja hvort þetta er yfirhöfuð til nokkurs að halda hopin. I þessu sambandi visa eg til sérstök tillaga að samþykt sem ég mun lesa upp hér á eftir og fylgja ur hlaði með nokkrum hugleiðingum.

- - -

Síðan að þessi skyrsla var samin, var reynt að halda aðalfund en að viðbættu formanni mætti aðiens fru Cassata frá Fókus h.f og Þröstur frá Agfaumboðinu / Tyli h.f. Var því ekki hægt að halda löglegan aðalfund og annar var þá ekki boðaður i beinu framhaldi vegna utanferðar formanns þá strax áeftir.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

- - -

Vegna samþyktar er gerðar hafa verið i fulltruaráð Kaupmannasamtakana um fyrirkomulag á greiðslu félagsgjalda, skal tekið fram að fyrirtæki þau er stunda blandaðan rekstur , þ.e. bæði verslun og iðnað - jafnvel þo fleiri en þeir er stunda verslunarstörf greiðir til Lifeyrissjóð Verslunarmanna - hafa tækifæri til þess að semja sérstaklega við Kaupmannasamtakana um að greiða félagsgjald aðiens af þeim starfsmönnum sem sannarlega stunda ekkert annað en verslunarstörf i viðkomandi fyritæki. Er þetta afar mikilvægt atriði þar sem i okkar raðir eru margir sem stunda blandaðan rekstur og nu virðist storhækkuð félagsgjöld hafa dregið ur áhuga manna á að halda hopin. Þetta þarf sem sagt ekki að vera nein þrándur i götu.

Vonast ég svo til að men geta komið sér saman um áframhaldandi starf inna FL, en ef svo er ekki - mun ég fyrir mitt leyti ganga ur félagsskapnum og sækjast eftir beina aðild að Kaupmannasamtök Islands.

---

<u>Félag ljósmyndavöruverslanna:</u>

X <u>Tillögu að fundarsamþykt og hugleiðingar um málið</u>

A almennum fundi i Félag Ljósmyndavöruverslanna hefur verið borinn upp su tillaga að:

F.L. skori á umboðsmenn og innflytendur merkjavara á sviði ljósmyndunar (svo sem filmur, vélar og efni o.fl.) að þeir bjóði öllum þeim ljósmyndavöruverslunum sem áhuga hafa að vera með umræddum vörum á boðstolum.

Enfremur að hinir sömu hafa með sér samvinnu um söluáætlun sem tryggir ávalt nægar birgðir.

Þess er lika óskað að umboðsmenn og innflytendur taka höndum saman með ljósmyndavöruverslunum um áhrifamiklar vörukynningar eins og tiðskast i nágrannalöndunum.

- - -

Ef umboðsmenn og innflytendur lita svo á að þeir hafa mestan hag af beinni sölu til neytendur, en ekki að sjá hinum ljósmyndavöruverslunum fyrir vörum i æskilegu magni, er oumdælanlega staðfest að frjáls verslun er aðeins til að mjög takmörkuðu leyti, ~~á þessu sviði verslunar~~. - Ber þá að gera stjórnvöld grein fyrir þvi hvað þetta veldur, t.d. of litilla heildsöluálagningu sem leiðir ~~umboðsmenn og innflytendur~~ til þess að viðhafa t.d. einokrunarkenda vörudreifingu að vissu marki.

Þetta er ut af fyrir sig talið óæskilegt viðskiptaástand.

A meðan félagar geta ekki komið sér saman um nauðsyn frjálsrar verslunar og samkeppni, skorti grundvöll fyrir einhuga samstaff félaga i FL., og þvi ekki að furða að áhugin á félagsskap sem þessum sé litill sem enginn. Hér rikir andi gagnkvæmrar misskilningar, tortryggni og allt að þvi öfund - og þvi er það spurning hvort félagar sé betra setta með beina aðild að Kaupmannasamtökunum.

Ef félagar i F.L. sem flestir stunda innflutning að einhverju marki, vilja halda hopin og efla hana, er tvimælalaust nauðsynlegt að bjoða til allsherjar fundar <u>alla</u> viðeigandi aðila

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

verslunarmanna og innflytenda jafnt félagsmenn sem aðra - til þess að kanna sameiginleg samstarfsgrundvöll, verkaskiptingu og samstarfsvilja.
Þeir sem kjósa það fremur að mæta ekki á slíkum fundi og tilkynna heldur ekki skriflega um forföll né ástæða fyrir því að mæta ekki, hafa þar með lýst yfir áhugaleysi sitt og anstaða við hverskyns breytingar til hins betra (í sambandi við vörudreifingu, sölu og kynningu á þessu sviði). Því þess skal getið að ekki er útilokað að þeim sem í dag er meinuð vöruafgreiðslu af ýmsu tagi frá innlendum heildsölu/umboðsbirgðum - geta eftir því sem næst verður komist, fengið þessa sömu vöru á býsna samkeppnishæfu verði frá öðrum dreifingaraðilum í Evrópu og Bandaríkjanna. Það er því þegar til lengdar lætur frekar ljósmyndaumboðs- og heildsöluverslunum í óhag að bæta ekki þjónustuna í víðtækasta merkingu.
Athuga megi svo hvort skýra beri framleiðendum merkjavöru frá viðhorf þeirra umboðsmanna (til frjálsrar verslunnar og takmarkanna á vörudreyfingu og kynningu sem viðhaft er í hverju tilfelli fyrir sig) - Er þetta talið sérstaklega nauðsynlegt þar sem nú stendur fyrir dyrum PHOTO KINA 1980 og því rakið tækifæri til þess að ryðja úr vegi fordóma og vinna sameiginlega að en frekari stækkunar ljósmynda~~áhugan~~ áhugan á meðal landsmanna okkur öllum til farsællaog kaupfélaga.

Skýrsla og tillaga formannsins rædd. Margt kom þar fram um mismunandi skilning umboðsmanna og hinna ýmsu innflutnings aðilja, véla og filmu framleiðanda.
Rætt um að forráðamenn félagsins hefðu samband við Kodak-umboðið (Hans Petersen) til þess að lagfæra samskipti þess við félagsmenn. Ákveðið að boða til fundar fyrir lok þessa mánaðar, með félögum og öllum þeim, sem starfa í sömu grein.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.
Guðni Þorgeirsson fundarritari.

**Mats** ICELANDIC PHOTO & PRESS SERVICE
LJÓSMYNDAÞJÓNUSTAN S.F.
LAUGAVEGI 178 — PHONE/SÍMI 85811
P.O.BOX 5211 — 125 REYKJAVÍK
CABLES "MATSWIB"
BANK: LANDSBANKI ÍSLANDS
ACCOUNT NR. 111-25-7015
VERSLUN — STUDIO — MYNDASAFN

Kom 20/6 80

Kaupmannasamtök Íslands,
Marargötu 2,
Reykjavík.

Hjálagt sendist: Enclosed please find:
- [ ] Samkvæmt umtali / As agreed upon
- [ ] Samkvæmt bréfi dags. / According to your letter of
- [x] Til fróðleiks / For your information
- [ ] Endursent með þakklæti / Returned after use
- [ ] Til röðunar / For your file
- [ ] Til umsagnar / Your comments, please
- [ ] Til samþykkis / For approval
- [ ] Til afgreiðslu / Please act on this matter
- [ ] Til undirskriftar / For signature
- [ ] Óskast endursent / To be returned

REYKJAVÍK, 18.6.1980. ábyrgðarbréf
ICELAND

<u>URSÖGN UR FÉLAG LJÓSMYNDAVÖRU-VERSLANA:</u>

Vísa til tillögu borin upp af undirr. á fundi í Félag Ljósmyndavöruverslana 9.6.1980, till. sem fekkst ekki samþykkt. Eins og fram kom í hugleiðingum mínum um tillöguna, er ekki lengur grundvöllur fyrir veru mína í félagi sem ekki vill viðhafa frjálsa viðskiptahætti í anda nýrra laga. Hef ég ekkert frekari ótalað við mína fyrra félagsmenn, jafnvel þó ekki reyndist unnt að halda aðalfund í vor sökum áhugaleysis þeirra. Vinsamlegast látið mig vita með hvaða hætti ég get gerst beinn aðili að samtök yðar. - Ursögn mína úr Félagi Ljósmyndavöruverslana er endanleg og óafturkallanleg.

Með kveðju Yours very truly
pr pr Ljósmyndaþjónustan s.f.
Mats Wibe Lund jr.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**KAUPMANNASAMTÖK ÍSLANDS**

Félag ljósmyndavöruverzlana.

MARARGÖTU 2
REYKJAVÍK ÍSLAND
SÍMAR: 19390-28811

Reykjavík 4. júní 1980.

FUNDARBOÐ.

Heiðraði félagi.

Mánudaginn 9. júní næstkomandi verður haldinn almennur félagsfundur í Félagi ljósmyndavöruverzlana í baðstofu Kaupmannasamtaka Íslands að Marargötu 2, kl. 9³⁰ f.h.

Fundarefni:

1. Skýrsla formanns.
2. Almennar umræður um framtíðarsamstarf ljósmyndavöruverzlana.
3. Önnur mál.

Stjórnin.

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Einkaskjalasafn Kaupmannasamtök Íslands ©Borgarskjalasafn Reykjavíkur